



## **Leiðbeinandi tilmæli**

**nr. 2/2004**

**um framkvæmd á lausafjárstýringu gengisbundinna liða hjá  
fjármálafyrirtækjum**

**Ekki í gildi**

Gefið út skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með  
fjármálastarfsemi.

**2. nóvember 2004**

## I. Inngangur

Gengisbundnir liðir hafa verið vaxandi þáttur í umsvifum fjármálafyrirtækja, einkum viðskiptabanka, á undanförunum árum. Þannig hefur verulegur hluti af fjármögnun útlána bankanna undanfarin ár verið í formi erlendrar lántöku. Ýmis konar áhætta tengist gengisbundnum liðum sem sérstaklega þarf að huga að. Í því sambandi má nefna gengisáhættu vegna misvægis í eignum og skuldum, óbeina gengisáhættu vegna lánveitinga til aðila sem ekki eru með tekjur í viðkomandi mynt og endurfjármögnunaráhættu vegna tiltölulega skamms eftirstöðvatíma erlendra lána. Með eftirfrandi leiðbeinandi tilmælum er stuðlað að vönduðum vinnubrögðum við lausafjárstýringu á gengisbundnum liðum hjá fjármálafyrirtækjum.

Tilmælin eiga fyrst og fremst erindi til viðskiptabankanna vegna umsvifa þeirra í gengisbundnum viðskiptum en þau geta einnig átt við um önnur fjármálafyrirtæki að einhverju eða öllu leyti og fer það eftir eðli og umfangi gengisbundinna liða í starfsemi þeirra.

Vakin er athygli á að í kafla II hér á eftir er ekki fjallað um upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja varðandi áhættur og áhættustýringu sem tengjast gengisbundnum liðum en mikilvægt er að fjármálafyrirtæki hugi að upplýsingagjöf um þessa þætti í reikningsskilum hverju sinni. Í þessu sambandi er minnt á að Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar, sem fyrirhugað er að taki gildi fyrir samstæðuuppgjör skráðra fyrirtækja frá og með árinu 2005, kveða m.a. á um upplýsingagjöf varðandi áhættur í starfseminni og áhættustýringu.

Rétt er að taka fram að skv. 17. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, getur Fjármálaeftirlitið sett reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi fjármálafyrirtækis. Betur þykir fara á því að setja grunnatriði um bestu framkvæmd lausafjárstýringar í leiðbeinandi tilmæli. Að fenginni æynslu yrði tekin afstaða til frekari reglna á þessu sviði.

## II. Efni leiðbeinandi tilmæla um bestu framkvæmd fjármálafyrirtækja við lausafjárstýringu gengisbundinna liða.

1. Skipulag og ábyrgð. Skipulag og ábyrgð lausafjárstýringar þarf að vera skýrt í stjórnskipulagi banka.
2. Stefna. Æðstu stjórnendur þurfa að marka stefnu um lausafjárstöðu og lausafjárstýringu. Sérstaklega skal mörkuð stefna um lausafjárstýringu gengisbundinna liða<sup>1</sup>.
3. Umfjöllun æðstu stjórnenda. Stjórn, æðstu stjórnendur og aðrir sem málið varðar, s.s. eigna- og skuldastýringarnefnd eða álíka, skulu fjalla reglulega um lausafjárstýringu.
4. Viðmið. Sérhver banki skal að lágmarki setja sér viðmið um hlutfall auðseljanlegra eigna í erlendum gjaldeyri og ádráttarlána (þ.e. því sem fjárstýring hefur yfir að ráða) á móti greiðsluflæði erlendra skuldbindinga til a.m.k. eins mánaðar. Jafnframt skulu sett viðmið um hreina stöðu gengisbundinna liða innan mismunandi tímabelta.

<sup>1</sup> Um skilgreiningu á gengisbundnum liðum vísast til 1. mgr. 2. gr. reglna Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisjöfnuð nr. 387/2002.

5. Dagleg stýring. Fylgjast þarf daglega með erlendri lausafjárstöðu, bæði innan einstakra gjaldmiðla og í heild, og reikna út viðmið bankans þar að lútandi.
6. Erlend fjármögnun. Við erlenda fjármögnun þarf með reglubundnum hætti að leggja mat á aðgengi að mismunandi tegundum fjármagns (aðgengi að skulda-bréfamarkaði, víxlamarkað, lánamarkaði, peningamarkaði, o.s.frv.). Í því sambandi ætti að leggja áherslu á gott lánshæfismat, dreifingu fjárfesta og fjárfestahópa. Jafnframt þarf að huga að viðhaldi viðskiptasambanda.
7. Varaleiðir. Huga þarf að varaleiðum í fjármögnun, þ.e. tegundum varaleiða og fjárhæðum. Huga þarf að seljanleika eigna sem varaleið í fjármögnun.
8. Álagspróf. Reglulega skal meta erlenda lausafjárstöðu á grundvelli mismunandi forsenda (scenarios). Meta skal sérstaklega endurgreiðslur frá aðilum sem tekið hafa gengisbundin lán en hafa ekki tekjur í erlendum gjaldmiðlum.
9. Gengisbundin útlán. Halda skal sérstaklega utan um umfang gengisbundinna eigna/útlána til aðila sem ekki hafa tekjur í erlendum gjaldmiðlum.
10. Móðurfélag og samstæða. Ef fjárstýring er miðlæg, þ.e. á samstæðugrunni, skulu framangreind atriði, þ.m.t. viðmið, gilda um samstæðu og móðurfélag.

Reykjavík 2. nóvember 2004

**Ekki í gildi**  
FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Páll Gunnar Pálsson

Ragnar Hafliðason